

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

18. fundur

Fundur var haldinn í byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga þriðjudaginn 18. nóvember árið 2008. Fundurinn var haldinn hjá Þingeyjarsveit að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Friðrik Steingrímsson, Jóhannes Steingrímsson, Kristján Snæbjörnsson, Kolbeinn Kjartansson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- 1. 200809117 – Erindi frá Sigurði Oddssyni Bakkasíðu 5, Akureyri**
Sigurður Oddsson sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við frístundahúsið Garðshorn í Þórðarstaðaskógi. Stækkun er 29,3 m². Teikningar eru unnar af Tryggva Tryggvasyni á Opus ehf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki nágranna.
- 2. 200810039 - Erindi frá Sigurbjörgu Marteinsdóttur Rimasíðu 4, Akureyri**
Sigurbjörg Marteinsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir geymslu við frístundahús hennar að Höfðabyggð B03, Lundsskógi. Geymslan er byggð úr steinsteypu og er 27 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki landeiganda.
- 3. 200810074 - Erindi frá Birgi Ágústssyni Krókeyrarnöf 13, Akureyri**
Birgir Ágústsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Stekkjarbyggð 9, Lundsskógi. Húsið er timburhús á steiptum súlum 61.4 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Birgi Ágústssyni. Samþykki landeiganda liggur fyrir.
Byggingarnefnd telur framlagðar teikningar vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Nefndin samþykkir því erindið með fyrirvara um að afriti lóðarsamnings verði skilað til byggingarfulltrúa.
- 4. 200811006 - Erindi frá Snæbirni Péturssyni og Pétri Gíslasyni Reynihlíð**
Snæbjörn Pétursson og Pétur Gíslason sækja um samþykki raunteikninga íbúðarhúss að Reynihlíð lóð 203616 vegna gerðar eignaskiptayfirlýsingar.
Byggingarnefnd samþykkir erindið en áréttar að unnið verði að fullnægjandi eldvörnum milli eigna.
- 5. 200811030 - Erindi frá Karli Sveinssyni Helluhrauni 12**
Karl Sveinsson sækir um leyfi til að setja niður 40 feta geymslugám á lóðina að Helluhrauni 12.
Byggingarnefnd samþykkir erindið enda verði gengið frá á fullnægjandi hátt.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

6. **200810128 - Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn nefndarinnar vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Jóns Gauta Böðvarssonar f.h. Hraunbæjar ehf. til reksturs gististaðar flokkur III að Þinghúsinu, Aðaldal.
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.
7. **200810106 - Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn nefndarinnar vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Ásmundar Kristjánssonar gististaðar flokkur V að Stöng 1, Skútustaðahreppi.
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.
8. **200810089 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn nefndarinnar vegna rekstrarleyfis Sigfúsar Haraldar Bóassonar til reksturs gististaðar flokkur II að Birkihrauni 5 og 7, Skútustaðahreppi.
Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að grenndarkynna erindið nágrönnum í götunni.
9. **200810006 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn nefndarinnar vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Gunnars Hallgrímssonar gististaðar flokkur II að Langavatni
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.
10. **200810002 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn nefndarinnar vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Gunnars Hallgrímssonar, gististaðar flokkur I í heimahúsi að Klambreseli.
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.
11. **200811045 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn nefndarinnar vegna endurnýjunar léttvins áfengisveitingaleyfis Sigurðar Arnars Jónssonar að Draflastöðum.
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14⁴⁵.

Jóhannes Steingrímsson
Kolbeinn Kjartansson
Friðrik Steingrímsson
Kristján Snæbjörnsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi